

4. gr.

Nauðsynlegs fjármagns til rekstrar og uppbyggingar þess starfs sem stofnunin hefur með höndum, skal aflað með því að taka á móti framlögum, styrkjum, áheimum, gjöfum o.s.frv. Tekjum af starfseminni skal varið til rekstrar og uppbyggingar á starfsemi þeirri sem stofnunin hefur á sínum vegum, þannig að vöxtur og viðgangur starfseminnar samræmist sem best ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum: formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Varamenn skulu vera þrír. Fyrsta stjórn er skipuð stofnendum og eru verkaskipti samkomulag þeirra á milli. Stjórn skal annars valin á aðalfundi, sem halda skal í októbermánuði ár hvert. Fullgildur aðili til setu í stjórn, auk atkvæðisréttar, er hver sú manneskja sem tengst hefur störfum Ásmegins í eitt ár. Aðalfund skal boða bréflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Stjórn stofnunarinnar getur boðað til auka aðalfundar telji hún þess þörf. Tillögur um skipulagsskrárbreytingar eða aðra mikilvæga málaflokka þurfa að berast stjórninni hið minnsta þrem vikum fyrir aðalfund.

6. gr.

Verði stofnunin lögð niður eða breytingar á skipulagsskrá er það háð samþykki $\frac{1}{5}$ hluta stjórnar. Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til landgræðslu að hætti Wroblowskys.

7. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu yfirfara og árita reikninga stofnunarinnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. nóvember 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Kringlumýrarbraut sunnan Listabrautar verði 70 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 12. nóvember 1990.

Böðvar Bragason.